Ed. **7. Frumvarp til laga** [7. mál]

um sálfræðiþjónustu í barnaskólum.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa sérstakan fulltrúa í skrifstofu fræðslumálastjóra, sem annist sálfræðiþjónustu í barnaskólum. Fulltrúinn skal hafa lokið háskólaprófi í sálar- eða uppeldisfræði.

2. gr.

Fulltrúinn rannsakar, hvernig með skuli fara börn á barnaskólaaldri, sem af einhverjum ástæðum þarfnast sálfræðilegrar þjónustu. Kemur þar einkum til greina:

a. Ófullnægjandi námsárangur í undirstöðugreinum, einkum í lestri.
b. Taugaveiklun og truflanir á tilfinninga- og viljalífi.
c. Hegðunarvandkvæði.
d. Óvissa um, hvort barn hafi náð nauðsynlegum þroska til þess að hefja skólanám.
e. Greindarskortur, sem leiðir til ófullnægjandi árangurs í venjulegu námi.
f. Afburðagreind, sem ætla má, að geri barni fært að ljúka námi á skemmri tíma en almennt gerist hér á landi.

Skólastjórum barnaskólanna ber að benda sálfræðifulltrúa á þau börn, sem þeir telja að þurfi að rannsaka. Ber fulltrúanum, eftir því sem unnt er, að taka til greina slíkar bendingar. Að öðru leyti er honum skylt að hafa frumkvæði um val á verkefnum.

Að undangenginni rannsókn ber fulltrúanum í samráði við hlutaðeigandi skólastjóra að leiðbeina kennurum um meðferð og kennslu þeirra barna, sem erfiðleikum valda að því er tekur til hegðunar eða náms.

3. gr.

Skólastjórum barnaskóla, sem styrktir eru af almannafé, er skylt að leyfa rannsókn, samkvæmt 2. gr., á nemendum skólans og greiða á annan hátt fyrir starfsemi fulltrúans í barnaskólunum, eftir því sem aðstæður leyfa.

4. gr.

Leita skal álits fulltrúans um það, hvort barn sé óhæft til að stunda nám í almennum barnaskóla samkvæmt c- eða d-lið 5. gr. laga nr. 34 29. apríl 1946.

Fulltrúinn skal kveða á um meðferð þeirra barna, sem samkvæmt nefndum lagaákvæðum eru óhæf til setu í almennum barnaskólum.

5. gr.

Sálfræðifulltrúinn skal hafa nána samvinnu við stofnanir og aðila, sem stutt geta hann í starfinu, svo sem heilsuverndarstöðvar, heilsugæzlu í skólum, æfinga- og tilraunaskóla og námsstjóra.

6. gr.

Fulltrúinn tekur laun samkvæmt VII. launaflokki laga um laun starfsmanna ríkisins. Um starfstíma fulltrúans fer eftir reglum um opinbera starfsmenn.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðastliðið skólaár voru yfir 17000 börn á skólaskyldualdri í landinu. Í slíku fjölmenni hljóta að koma fram margvísleg vandamál sálræns eðlis, sem kennarar eru ekki einfærir um að leysa. Lausn þessara vandamála er mikilvæg bæði fyrir námsárangur og þroska barna þeirra, er hlut eiga að máli. Með almennri fræðsluskyldu og vaxandi námskröfum fjölgar sífellt þeim börnum, sem sérstakrar aðstoðar þurfa við, ef skólavistin á að bera tilætlaðan árangur. Flestar menningarþjóðir, þar á meðal Norðurlandaþjóðirnar, hafa lögfest sálfræðiþjónustu í skólum.

Norðlenzkir barnakennarar og Samband íslenzkra barnakennara hafa skilið það vandamál, sem hér er um að ræða. Árið 1954 sendu þessir aðilar áskoranir til menntamálaráðherra um að koma á sálfræðiþjónustu í skólum. Var því fyrir atbeina menntamálaráðherra hafizt handa um að undirbúa og semja lagafrumvarp um málið. Skólastjórum barna- og unglingaskóla í Reykjavík og öðrum bæjum við Faxaflóa voru sendar bréflegar fyrirspurnir um nauðsyn sálfræðiþjónustu í skólum og verkefni hennar. Í svörum sínum lögðu skólastjórarnir allir áherzlu á nauðsyn slíkrar starfsemi. Rökstuddu þeir þá niðurstöðu sína með því að nefna fjölda dæma, sem þeim var kunnugt um úr starfi sinu, þar sem þessi þjónusta hefði komið að góðum notum. Orkar því varla tvímælis um nauðsyn sálfræðilegrar aðstoðar við kennslu- og uppeldisstarf skólanna. Sálfræðiþjónusta er þáttur í þeirri aðstoð, sem hið opinbera veitir börnum til þess að öðlast nauðsynlega þekkingu og manndómsþroska. Hún á að stuðla að því, að fræðslan beri þann ávöxt, sem til er ætlazt. Þessi starfsemi heyrir því undir sama ráðuneyti og fræðslumálin.

Um 1. gr.

Skipa skal sérstakan fulltrúa til að annast sálfræðiþjónustu í barnaskólum. Rétt þykir að takmarka sálfræðiþjónustu í fyrstu við börn á barnaskólaaldri. Telja verður háskólapróf í sálar- og uppeldisfræði nauðsynlegt, ef starfið á að bera tilætlaðan árangur.

Um 2. gr.

Hér er gerð grein fyrir verkefni sálfræðifulltrúans. Ber honum að rannsaka, hvernig með skuli fara börn á barnaskólaaldri, sem af einhverjum ástæðum þarfnast sálfræðilegrar þjónustu. Eru í greininni nefnd helztu dæmi þess, þar sem þannig stendur á. Upptalningin er þó ekki tæmandi. Rannsókn fulltrúans getur farið fram samkvæmt beiðni hlutaðeigandi skólastjóra eða að eigin frumkvæði. Að undangenginni rannsókn ber fulltrúanum í samráði við hlutaðeigandi skólastjóra að leiðbeina kennurum um meðferð og kennslu þeirra barna, sem erfiðleikum valda að því er tekur til hegðunar eða náms. Í greininni eru ákvæði um samvinnu skólastjóra barnaskóla og sálfræðifulltrúans. Ætla má, að góð samvinna milli þessara aðila sé nauðsynleg til þess að sálfræðiþjónustan komi að tilætluðum notum. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að sálfræðifulltrúinn hafi að jafnaði samráð við foreldra um rannsókn og meðferð barna samkvæmt lögum þessum.

Um 3. gr.

Greinin ákveður, að skólastjórum barnaskóla, sem styrktir eru af almannafé, sé skylt að leyfa sálfræðifulltrúanum að rannsaka nemendur skólans og greiða á annan hátt fyrir starfsemi fulltrúans, eftir því sem aðstæður leyfa. Hér eru skólastjórarnir skyldaðir til þess að greiða fyrir starfi sálfræðifulltrúans, en þó ætlazt til þess, að hann hagi störfum þannig, að sem minnst raski starfsháttum skólanna.

Um 4. gr.

Börn með tiltekna ágalla eru nú undanþegin skyldu til að stunda nám í almennum barnaskóla og þeim vísað til sérstakra skóla eða stofnana. Algengustu ástæður til slíkrar undanþágu eru sálræns og vitsmunalegs eðlis, og er því ekki síður nauðsynlegt að leita álits sálfræðifulltrúa en læknis, áður en slík undanþága er veitt. Ákvarða þarf meðferð, sem leitt getur til nokkurs þroska fyrir sjúka barnið. Í því efni ætti sálfræðifulltrúinn að geta orðið að liði.

Um 5. gr.

Það er nauðsynlegt fyrir sálfræðifulltrúann að ná sem beztri samvinnu við hvern þann aðila, sem getur stutt að starfi hans eða á að njóta þess. Eftir því sem heilsuverndarlög síðasta Alþingis koma til framkvæmda og æfinga- og tilraunaskóli tekur til starfa, verður margvísleg samvinna möguleg. Á sama hátt ætti fulltrúinn að hafa margháttaða samvinnu við skólastjóra, skólanefndir (fræðsluráð) og námsstjóra.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Rétt þykir, að nánari ákvæði um framkvæmd laganna verði sett með reglugerð.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.